

## AUGLÝSING

### um skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 51 30. maí 1942, verður það fyrst um sinn og þar til öðruvísi verður ákveðið, gert að skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi, að umsækjendur hafi gegnt læknishéraði eða aðstoðarlæknisstörfum hjá héraðslækni fulla 3 mánuði að loknu háskólanámi og leggi fram skilríki fyrir þeirri þjónustu.

Nú hefur umsækjandi um skeið starfað sem kandidat í einhverju eftirtalinna sjúkrahúsa: Fjórðungssjúkrahúsi Ísafjarðar, Fjórðungssjúkrahúsi Norðfjarðar, Kristneshæli, Vífilsstaðahæli, Sjúkrahúsi Vestmannaeyja, Sjúkrahúsi Keflavíkur eða Sjúkrahúsi Akraness, og leggur fram skilríki fyrir því, og stýttist þá skylduþjónustutími sá, sem tilskilinn er í fyrri málsgrein, um þann tíma, sem hann hefur unnið í fyrrgreindum stofnunum.

Auglýsing nr. 155 22. sept. 1942 er úr gildi felld, svo og auglýsing nr. 98 11. júlí 1962, um breyting á þeirri auglýsingu.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar þeim, er hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. marz 1963.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Baldur Möller.*

## SAMÞYKKT

### um forkaupsrétt og forleigurétt Eskifjarðarhrepps í hafnarmannvirkjum o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps gert eftirfarandi samþykkt:

Eskifjarðarhreppi er áskilinn forkaupsréttur og/eða forleiguréttur á eftirgreindum eignum í hreppnum:

Mjóeyri með íbúðarhúsi og útihúsum, eignum Kaupfélagsins Bjarkar á Hlíðar-enda: Sölubúðarhúsi, geymsluhúsum og sláturhúsi með lóð og bryggju, Randúlfs- húsi með lóð og bryggju, sjóhúsi dánarbús Karls Jónassonar með lóð og bryggju. Fiskþurrkunarstöð Spors hf. með lóð, frystihúsi og geymsluhúsum sama, með lóð og bryggju, Friðþjófsjóhúsi með lóð og bryggju, Hlíðarenda 2 með lóð og bryggju, Tómasarhúsi (Bjarki II) með lóð, geymsluhúsi Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf. (áð- um geymsluhús Símonar Jónassonar), með lóð, gömlu Sjólyst með lóð, Reykholti I með lóð, Odda með lóð, Netagerðarstöð Jóhanns Klausen, með uppfyllingu og bryggju, geymsluhúsi Arnþórs Jensen með lóð, sjóhúsi Guðjóns Gíslasonar og Gunn- ars Hallgrímssonar með bryggju, Svanshúsi með lóð og bryggju, Nýborg með lóð, Trésmíðavinnustofu Kristins Guðmundssonar með lóð, sölubúðarhúsi Kaupfélagsins Bjarkar með lóð, Rafstöðvarhúsi með lóð, Framnesi með lóð, uppfyllingu og bryggju, eignir Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf. í Útkaupstað: Hraðfrystihús með lóð, gamla Ungmennafélagshúsið með lóð, Langahúsið með lóð og bryggju, sildarverk- smíðjubyggingar með lóð, geymsluskálar og skreiðargeymsluhús með lóð, svo og